

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sýnjun konungsstaðfest- 134
ingar á lagafrumvarpi um kjörgengi kvenna. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 27. 10. nóv. sept. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp, er upp hafði verið borið af þingmanna hálfu, og samþykkt á hinu reglulega alþingi 1893, um kjörgengi kvenna.

Viðvíkjandi lagafrumvarpi þessu hafið þjer, með skírskotun til þess, að konum þeim, sem frumvarpið ræðir um, sje með lögum 12. maí 1882 veittur kosningarrjettur til nefnda þeirra í sveita- og safnaðamálum, sem frumvarpið vilji veita þeim kjörgengi til, meðal annars tekið fram, að það sje mjög vafasamt, að konurnar kæri sig um þau auknu rjettindi, sem þeim sjeu tilætluð, þar sem rjettinum til að vera kosinn fylgi einnig skyldan til að taka móti kosningu, og stöður þær, sem þær þannig geti orðið settar í, sjeu ekki svo mikið keppikeffi, að líklegt sje að konur almennt langi til þess að komast í þær, sjerstaklega hreppsnefndarstaðan. Jafnframt því þarnæst að greina frá því, er fram hefur verið fært frumvarpinu til stuðnings við umræðurnar á alþingi, hafið þjer skotið því til úrskurðar ráðaneytisins, hvort frumvarpið geti álitizt til þess fallið, að verða að lögum.

Ráðaneytið hefur nú ekki getað komizt að þeirri niðurstöðu, að frumvarpið sje til þess fallið, því að jafnvel án tillits til mótbáru þeirrar, er þjer komið fram með, að kjörgenginu fylgi skylda, sem opt er lítt æskileg fyrir kennfólk, til þess að takast á hendur störf, sem opt eru mjög erfið, og sem ekki er kunnugt að íslenzkt kennfólk hafi látið í ljósi neina ósk um að komast að, hlýtur ráðaneytið að álita, að sú hreyfing í þá átt, að gjöra konuna hlutakandi í skyldum og rjettindum þeim, er opinberum störfum fylgja, sem hið fyrirbyggjandi frumvarp fer fram á, taki svo miklu dýpra í árinni heldur en gjört var í lögnum um kosningarrjett íslenzkra kvenna 1882, að það geti með engu móti talizt eðlileg samkvæmnisafleiðing af nefndum lögum, að staðfesta þetta frumvarp; og því fremur, sem konur hafa hvergi fengið slíkan rjett í hinum öðrum norðurlöndum norðurálfunnar, sem að þjóðareinkennum, fjelagslegu lífi og öllu menntunarstigi eru skyldust Íslandi, hlýtur ráðaneytið því að vera því mótfallið, að innleiða slík lög, er ekki verður með sanni sagt, að hin minnsta nauðsyn hafi komið fram til þeirra.

Í allraþegnsamlegustum tillögum sínum um málið hefur ráðgjafinn því lagt það til, að lagafrumvarpið öðlist ekki allrahæsta staðfestingu, og hefur hans hátign konunginum í dag allramildilegast þóknazt að fallast á þá tillögu.

Þetta tilkynnist yður hjer með þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B.-deild Stjórnartíðindanna.

30. dag desembermán. 1894.